# Baldur Sveinsson

Fæddur 23. apríl 1931
Dáinn 13. janúar 2013



Útför frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 23. janúar 2013

## FORSPIL

Aría úr svítu nr. 3

*J. S. Bach*

## SIGNING OG BÆN

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

*Pétur Þórarinsson - Erlent lag*

## RITNINGARORÐ

## TÓNLIST

Söknuður

*Jóhann Helgason*

## RITNINGARORÐ

Blessuð sértu sveitin mín!
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín
- yndislega sveitin mín! -
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín!
sumar, vetur, ár og daga.

*Sigurður Jónsson frá Arnarvatni*
*Bjarni Þorsteinsson*

## GUÐSPJALL

## EINSÖNGUR

Barn

*Ragnar Bjarnason - Steinn Steinarr*

# MINNINGARORÐ

Undir Dalanna sól, við hinn einfalda óð
hef ég unað við kyrrláta för,
undir Dalanna sól hef ég lifað mín ljóð,
ég hef leitað og fundið mín svör,
undir Dalanna sól hef ég gæfuna gist,
stundum grátið en oftar í fögnuði kysst.
Undir Dalanna sól á ég bú mitt og ból
og minn bikar, minn arinn, minn svefnstað og skjól.

Undir Dalanna sól, man ég dalverjans lönd
eins og draumsýn um átthagans rós.
Undir Dalanna sól, fann ég heitfenga hönd
eins og heillandi vermandi ljós.
Undir Dalanna sól, geymir döggin mín spor,
eins og duldir er blessa hið náttlausa vor.
Undir Dalanna sól, hugsjá hjartans ég vann
og ég hlustaði, skynjaði, leitaði og fann.

*Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum - Björgvin Þ. Valdimarsson*

# BÆNIR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

# MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540*

BLESSUN

EFTIRSPIL

Fram í heiðanna ró

*Friðrik A. Friðriksson - Henry Snow*



Prestur:

*Sr. Guðrún Karls Helgudóttir*

Organisti:

*Hilmar Örn Agnarsson*

Einsöngur:

*Ragnar Bjarnason*

Undirleikur:

*Þorgeir Ástvaldsson*

Kór:

*Speranza*

Útfararstjóri:

*Rúnar Geirmundsson*

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í safnaðarsal Grafarvogskirkju að athöfn lokinni.*

PRENTSTOFAN HVÍTA ÖRKIN